

Jón Kristjánsson 1881-1937

- 1904: Stúdent frá Lærða skólanum í Reykjavík
1908: Námskeið og próf í „*Udövelsen og Anvendelsen af Massage og svensk Sygegymnastik*“ í Kaupmannahöfn*
1914: Læknapróf (*candidatum medicinae*) frá Læknadeild Háskóla Íslands
1923: Viðurkenndur sérfræðingur í nuddlækningum
1924: Námskeið í „*Diathermibehandlung*“ í Vínarborg

* Undervisningen har fundet Sted i et Omfang der svarer til „Medicinsk Gymnastikdirektörexamen“.

Jón var því bæði læknir og sjúkraþjálfari. Ætla má að hann hafi verið fyrsti íslenski sjúkraþjálfarinn þótt starfsheitið *sjúkraþjálfari* hafi ekki verið til á þessum tíma. Jón opnaði „*Lækningastofu fyrir fysiotherpi*“ í Lækjargötu 6 í Reykjavík 1915 og ætlaði einkum að fást við gigt- og hjartasjúkdóma auk *fysiotherapi*. Notaði hann ýmis *nýtísku-áhöld* sem ekki höfðu áður verið notuð hér á landi, t.d. „*Ferstremisbað*“ (*fircelebad*), *rafurmagns-bakstra*, *ljósböð* og *heit loft-böð*.

Seinna fór Jón að nota díatermí-lækningar, sennilega eftir að hafa lokið ofanefndu námskeiði í Vínarborg 1924. Keypti hann ýmis tæki til notkunar við þessar lækningar. Díatermí-lækningar teljast ekki lengur til hefðbundinna valkosta í nútímalæknavísindum. Á fyrri hluta síðustu aldar þótti díatermí-meðferð hins vegar meðferðarúrræði sem kom til greina við ýmiss konar stoðkerfiskvilla og e.t.v. einhver önnur sjúkdómseinkenni sem undirritaður kann ekki skil á.

Einn af sonum Jóns var Ólafur Jónsson útvarpsvirki. Þegar hann lést árið 2004 fundust nokkur tæki og tól inni í skáp á heimili hans. Hvorki börn Ólafs né aðrir afkomendur Jóns Kristjánssonar vissu um tilvist þessara tækja. Nær öruggt verður þó að telja að þessi tæki hafi verið í eigu Jóns og að þetta séu tæki sem Jón hafi notað við díatermí-lækningar. Að Jóni látnum hefur ekkju hans, Emilíu Sighvatsdóttur, sennilega þótt tækin best geymd hjá „tækjamanninum“ í fjölskyldunni.

Sjúkraþjálfun.

sænska: fysioterapi, fysikalisk terapi, sjukgymnastik

danska: fysioterapi, sygegymnastik

enska: physiotherapy, physical therapy

þýska: physikalische Therapie

Fylgiskjöl:

1. Ljósrit (skann) af prófskírteini frá Kaupmannahöfn 1908.
2. Vottorð vegna námskeiðs í Vínarborg 1924
3. Vélritaður texti vottorðs frá Vínarborg
4. Frétt í 4. tölublaði Læknablaðsins 1915
5. Frétt í 8. tölublaði Læknablaðsins 1915
6. Myndir af díatermí-lækningatækjum Jóns Kristjánssonar

19. febrúar 2008

Jón Sigurðsson læknir (dóttursonur Jóns Kristjánssonar)